



# Stefna Símans í upplýsingaöryggi

## Tilgangur

Tilgangur upplýsingaöryggisstefnu Símans er að tryggja leynd, réttleika og tiltækileika upplýsinga og verðmæta í eigu og vörslu Símans. Upplýsingaöryggisstefnan styður við samfelldan rekstur og þjónustu og lágmarkar þannig rekstraráhættu og hámarkar öryggi upplýsinga Símans þannig að þær nýtist á skilvirkan hátt fyrir starfsfólk og viðskiptavinum.

## Markmið

Síminn hefur það að markmiði að verja upplýsingar í eigu og vörslu Símans fyrir innri og ytri ógnum og leitast við að tryggja öryggi þeirra á viðeigandi hátt.

Eftirfarandi markmið eru höfð að leiðarljósi við rekstur á upplýsingaöryggi hjá Símanum:

- Hámarka öryggi upplýsinga og upplýsingakerfa Símans m.t.t. leynd, réttleika og tiltækileika upplýsinga.
- Fylgja viðmiðum ISO/IEC 27001:2017 til grundvallar ásamt öðrum lögum, reglum, samningsbundnum skildum og kröfum sem settar eru á Símann.
- Vinna að stöðugum umbótum og framkvæma reglulegt áhættumat og úttektir til að leiða í ljós hvort þörf sé á úrbótum á upplýsingaöryggis Símans.
- Stuðla að aukinni vitund um upplýsingaöryggi.

## Umfang

Upplýsingaöryggisstefnan er bindandi fyrir alla starfsmenn og nær til allra lögaðila sem veita Símanum þjónustu. Stefnan nær einnig til reksturs og aðstöðu ásamt allra kerfa, hug- og vélbúnaðar sem er í eigu Símans.

## Framkvæmd og ábyrgð

Framkvæmdastjórn sér til þess að upplýsingaöryggisstefnunni sé framfylgt með því að setja markmið og reglur og tryggja viðeigandi ráðstafanir til að framfylgja þeim. Stefnan felur í sér skuldbindingu um stöðugar umbætur í stjórnun upplýsingaöryggis. Framkvæmdastjórn getur falið öryggisráði eða stjórnendum eftirfylgni með tilteknum ákvörðunum og verklagsreglum.

Allir starfsmenn og þjónustuaðilar eru skuldbundnir til að vernda gögn og upplýsingakerfi gegn óheimilum aðgangi, notkun, breytingum, uppljóstrun, eyðileggingu, glötun eða flutningi. Aðilar sem brjóta gegn upplýsingaöryggisstefnu Símans eiga yfir höfði sér áminningu í starfi, uppsögn eða að beitt verði viðeigandi lagalegum ráðstöfunum allt eftir eðli og umfangi brots.

Framkvæmd stefnunnar er nánar lýst í skjali sem framkvæmdastjórn felur öryggisráði undir forsjá gæða- og öryggisstjóra Símans að staðfesta.



## Tilvísanir

Síminn fylgir þeim lögum og reglum sem gilda um starfsemi félagsins og stjórnun upplýsingaöryggis. Upplýsingaöryggisstefna Símans skal fylgja lögum og reglum og uppfylla þær kröfur sem eftirlitsstofnanir gera til Símans eftir því sem við á.

## Endurskoðun

Endurskoða skal upplýsingaöryggisstefnu Símans á minnst þriggja ára fresti og hún lögð fyrir og staðfest af öryggisráði, framkvæmdastjórn og undirrituð af forstjóra Símans.

Reykjavík, 1. desember 2021

Orri Hauksson

Forstjóri Símans